

Sb. 31. Frumvarp til fjárukalaga

fyrir árið 1936.

(Lagt fyrir alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum 1936, eru veittar kr. 90845.45 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

1. Aðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtræti 3	kr. 12291.16	
2. Húsgögn í lögreglustöðina	— 964.60	
		kr. 13255.76

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Aðgerð á safnahúsinu	— 2000.00	
2. Girðing um listasafnhús Einars Jónssonar	— 7000.00	
		— 9000.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Vatnsveita í Hrisey	— 5000.00	
---------------------------	-----------	--

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Kostnaður vegna konungskomunnar	kr. 56070.69
2. Kostnaður við athuganir um sementsverksmiðju ..	-- 7519.00

	63589.69

Samtals	kr. 90845.45

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Lokið var á árinu við aðgerð á lögreglustöðinni, sem hófst sumarið 1935 og fé var veitt til á fjáraukalögum fyrir það ár.

Um 3. gr.

1. Fjárhæð þessari var varið til þess að mála safnahúsið að utan fyrir konungskomuna, enda var þess orðin full þörf.
2. Vegna götugerðar var grafið undan einni hlið á girðingunni um listasafnshúsið. Var gerður þar vandaður steingarður í stað gömlu girðingarinnar.

Um 4. gr.

Í landskjálftunum við Eyjafjörð sumarið 1935, eyðilögðust brunnar í Hrisey, og var eyjarbúum veittur þessi styrkur til að koma upp vatnsveitu.

Um 5. gr.

1. Hér er talinn allur kostnaður við komu konungshjónanna hingað sumarið 1936.
2. Fenginn var erlendur verkfræðingur til að rannsaka hvort tiltækilegt væri að koma hér upp sementsverksmiðju, og er þetta kostnaður við ferð hans hingað, rannsóknir og álitserð.